

Þrjár leiðir til að sækja um styrk í starfsmenntasjóði VR/LÍV



Veldu eina leið

Einstaklingar

Fyrirtæki

Sameiginlegur styrkur

Einstaklingur sækir um styrk

Fyrirtæki sækir um styrk

Sameiginlegur styrkur einstaklings og fyrirtækis

1. Umsókn

Sótt er um á Mínun síðum á vr.is. Félagsfólk annarra aðildarfélaga LÍV sækir um hjá sínu stéttarfélagi.

2. Reikningur

Greiddur reikningur verður að vera á nafni þess sem sækir um og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

3. Upplýsingar

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn ef óljóst er hvers konar nám/námskeið sótt er um.

4. Greiðsla

Styrkur greiddur inn á reikning félaga að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Athugið

Veittur styrkur er **90%** af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er **130.000 kr.** og **390.000 kr.** þegar félagi á rétt á uppsöfnun. Veittur styrkur af tómstundanámskeiði er 50% að hámarki 30.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

Tómstundastyrkur hefur ekki áhrif á uppsöfnun.

Veittur ferðastyrkur vegna náms/starfstengdra námskeiða er 50% að hámarki 40.000 kr. sem dregst frá árlegum hámarksstyrk.

1. Umsókn

Sótt er um á attin.is

2. Reikningur

Greiddur reikningur verður að vera á nafni fyrirtækis og staðfesting á að reikningur sé greiddur þarf að fylgja.

3. Upplýsingar

Lýsing á námi skal fylgja með umsókn og listi starfsfólks sem sóttu námið/námskeiðið (nafn-kennitala-stéttarfélagsaðild).

4. Greiðsla

Styrkur greiddur inn á reikning fyrirtækis að uppfylltum skilyrðum sjóðsins.

Athugið

Veittur styrkur er 90% af reikningi vegna náms, starfstengdu námskeiðsgjaldi eða ráðstefnugjaldi.

Hámarksstyrkur er **390.000 kr.** fyrir hvern einstakling.

Hámarksstyrkur til fyrirtækja er **kr. 3 milljónir** á ári

1. Kostnaður

Nám verður að kosta að lágmarki 200.000 kr.

2. Reikningur

Það skiptir ekki máli á hvoru nafni greiddur reikningur er, á nafni fyrirtækis eða félaga.

3. Umsókn

Félagi sækir um styrkinn á Mínun síðum á vr.is eða hjá sínu LÍV-félagi og gildir sú umsókn einnig vegna styrks fyrirtækisins og þarf því ekki að senda inn sér umsókn fyrir fyrirtækið.

Yfirlýsing frá fyrirtækinu verður að fylgja með umsókninni þar sem fram kemur að um sé að ræða sameiginlega umsókn og að námið sé hluti af starfsþróunaráætlun starfskraftsins.

4. Afgreiðsla

Við samþykkt umsóknar dregst styrkupp hæðin af rétti beggja. Miðað er við 50/50.

5. Útborgun

Styrkupp hæð greiðist inn á reikning beggja.

6. Upphæð styrks

Samanlagður styrkur er 90% af námsgjaldi – **hámark 520.000 kr.** (130.000 kr. réttur félaga + 390.000 kr. réttur fyrirtækis) eða **780.000 kr.** þegar félagi á rétt á uppsöfnun (390.000 kr. uppsöfnun félaga + 390.000 kr. réttur fyrirtækis).

